

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Gjalddagi fyrri hluta A-gatnagerðargjalda samkvæmt 3. gr. skal vera þegar byggingarleyfi er veitt síðari hluta gjaldsins þegar byggingarframkvæmdir hefjast. Þó er sveitarstjórn heimilt að veita gjaldfrest á fyrri hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast, eða allt að tvo mánuði. Sé gjaldið þá eigi greitt, er heimilt að stöðva framkvæmdir fyrirvaralaust þar til skuldin hefur verið greidd að fullu.

Reglugerð þessi sem samín er af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar í Suður-Múlasýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. maí 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

Aðalnámskrá grunnskóla, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1989–1990 að því leyti sem við verður komið. Jafnframt fellur úr gildi aðalnámskrá frá 27. september 1976 og hlutar hennar, sem tóku gildi síðar.

Menntamálaráðuneytið, 28. apríl 1989.

Svavar Gestsson.

Knútur Hallsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Hafnarfjarðarsvæði.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar er sveitarstjórnnum á svæðinu heimilt skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að innheimta gjöld svo sem frá greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 5 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.